



Kirkjugólf náttúrvætti í Skaftárhreppi

Stjórnunar- og verndaráætlun 2022-2031

Júní 2022

Heiti skýrslu: Kirkjugólf, stjórnunar- og verndaráætlun 2022-2031

Útgáfunúmer: UST-2021:15

Mánuður, ár: júní, 2022

Ábyrgð: Guðbjörg Gunnarsdóttir og Magnús Freyr Sigurkarlsson

Forsíðumynd: sótt af istockphoto.com

Aðrar myndir: bls. 9 sótt af istockphoto.com, bls. 6 og 12 Daníel Freyr Jónsson

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	6
1.1. Samráð	7
1.2. Eignarhald og umsjón	7
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	7
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	7
2. LÝSING Á SVÆÐINU	9
2.1. Mörk svæðisins	9
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði	9
2.2. Náttúruminjar	9
2.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf	9
2.3. Menningarminjar	10
2.4. Landnotkun	10
2.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun	10
2.4.2. Ferðaþjónusta og útvist	10
2.5. Innviðir og mannvirki	11
2.5.1. Landvarsla	11
2.5.2. Vegir og bílastæði	11
2.5.3. Stígar	11
2.5.4. Fræðsla og skilti	11
2.6. Öryggismál	11
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	12
3.1. Stjórnsýsla og ástandsmat	12
3.2. Náttúruminjar	12
3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf	13
3.3. Landnotkun	13
3.3.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun	13
3.3.2. Ferðaþjónusta og útvist	13
3.4. Innviðir og mannvirki	13
3.4.1. Landvarsla	13
3.4.2. Vegir og bílastæði	14
3.4.3. Stígar og gönguleiðir	14
3.4.4. Fræðsla og skilti	14
3.4.5. Úrgangur	14
3.5. Öryggismál	14
3.6. Rannsóknir og vöktun	14
4. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	16
HEIMILDASKRÁ	17
VIÐAUKI I	18

VIÐAUKI II	19
VIÐAUKI III.....	21
VIÐAUKI IV	22
VIÐAUKI V	23

Leiðarljós fyrir náttúruvættið er að varðveita stuðlabergið sem myndar Kirkjugólf og þá sérstöku ásýnd sem svæðið hefur. Jafnframt að tryggja gott aðgengi að svæðinu, svo að sem flestir fái þess notið, ásamt því að vernda og viðhalda nærsvæði þess.



1. Inngangur

Náttúrvættið Kirkjugólf er jökul- og brimsorfið stuðlaberg þar sem endar lóðréttir stuðla ná upp úr jörðu og engu líkara en að flöturinn hafi verið lagður af manna höndum. Stuðlaberg hefur í gegnum tíðina verið íslendingum mjög hugleikið og margir hafa nýtt sér form þess til listsþóunar. Náttúrvættið var friðlýst árið 1987 með auglýsingi í Stjórnartíðindum nr. 426/1987, [sjá viðauka I.](#) Markmið friðlýsingarinnar er að vernda stuðlabergið og svæðið umhverfis þó það sé ekki sérstaklega tilgreint í auglýsingu um friðlýsinguna sem markmið. Svæðið var friðlýst á grundvelli 22. gr. áður gildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf hófst í janúar 2019. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem er sérstaklega skipaður vegna gerðar hennar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur og sveitarfélag og er hún hugsuð sem stjórntæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið.

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2030 og er skipt í fjóra kafla. Í fyrstu tveimur köflunum eru bakgrunnsupplýsingar um Kirkjugólfíð og lýsing á svæðinu, í þriðja kafla er sett fram stefnumótun og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla eru settar fram þær sérreglur sem gilda um náttúrvættið samkvæmt áætlun þessari.

Aðgerðaáætlun fyrir náttúrvættið gildir til þriggja ára og er uppfærð árlega í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#). Í aðgerðaáætlun eru tilgreindar þær aðgerðir sem farið verður í árlega og aðgerðir sem áætlað er að fara í til þriggja ára í senn. Aðgerðaáætlun er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið Skaftárrepp. Samstarfshóp við gerð áætlunarinnar skipuðu:

- Lárus Siggeirsson, landeigandi og fulltrúi landeigenda
- Katrín Gunnarsdóttir, fulltrúi Skaftárrepps
- Daníel Freyr Jónsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Silja Sif Lóudóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Magnús Freyr Sigurkarlsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar, tók við af Daníel Frey.
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar, tók við af Silju Sif.

Nánari fróðleik um náttúrvættið Kirkjugólf er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/kirkjugolf>

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var þeim sent bréf þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúrvættið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferils þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka V](#).

1.2. Eignarhald og umsjón

Kirkjugólf er í landi jarðarinnar Kirkjubæjar II. Eignarhald á svæðinu sem náttúrvættið stendur á, er þrískipt. Tveir hlutar eru í einkaeign og á sveitarfélagið Skaftárreppur þriðja hlutann. Landaskipti eru í vinnslu vorið 2022. Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða sbr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hefur umsjón með náttúrvættinu og síðastliðin ár hefur verið landvarsla á svæðinu yfir nær allt árið.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Árið 1987 var Kirkjugólf friðlýst sem náttúrvætti skv. náttúruverndarlögum nr. 47/1971. Kirkjugólf er friðlýst skv. auglýsingu [nr. 426/1987](#).

Í gildi er [aðalskipulag](#) Skaftárrepps 2010-2022 og er Kirkjugólf skilgreint þar sem friðlýst svæði.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Kirkjugólf flokkast sem náttúrvætti skv. 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem segir að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Það geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda eða berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis í kringum náttúruminjarnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Náttúruvættið Kirkjugólf flokkast í III flokk verndarsvæða skv. skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í flokki III eru verndarsvæði þar sem oftast er stuðlað að verndun jarðfræðilegra fyrirbæra sem vernduð eru vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.



2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Mörk náttúrvættisins miðast við 10 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf. Sjá auglýsingu [nr. 426/1987](#). Kort af svæðinu er í [viðauka II](#).

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Kirkjugólf er staðsett í túni í austurjaðri þorpsins Kirkjubæjarklausturs. Vegna nálægðar við þéttbýlið er tölverð umferð af ferðamönnum um og við svæðið og hefur fjöldi þeirra farið vaxandi undanfarin ár. Svæðið í kringum náttúrvættið er dæmigert túnlendi og landbúnaðarland.

2.2. Náttúruminjar

Svæðið einkennist af merkum jarðminjum, stuðlabergi, og felst sérstaða svæðisins í þeim.

2.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Kirkjugólf er hluti af stuðluðu blágrýtislagi, þar sem efsti hluti lóðrétttra stuðla stendur upp úr jörðinni. Stuðlaberg líkt og það sem finnst í Kirkjugólfí myndast í nýju hrauni. Eftir að hafa storknað heldur hraunið áfram að kólna og dregst það smátt og smátt saman. Við það klofnar

það í stuðla, sem öllu jafna eru fimm- eða sexstrendir. Stuðlarnir eru ávallt hornréttir á kólnunarflöt, sem veldur því að þeir standa lóðréttir í hraunlögum líkt og í Kirkjugólf. Eftir að stuðlarnir í Kirkjugólf mynduðust hafa þeir mótað af bæði jökli og brimi. Áður fyrr var sandfok á svæðinu og er svörfun vegna þess áberandi á hluta stuðlabergsflatarinnar.

Fram undir árið 1960 var hærra upp á Kirkjugólfíð austanvert og sáust stuðlarnir þá betur en nú. Við framkvæmdir var efni ýtt að gólfingu og er talið að landið hafi verið hækkað um upp undir einn metra.¹

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands finnast fjórar tegundir vistgerða á svæðinu umhverfis Kirkjugólfíð. Þær eru tún og akurlendi, starungsmýravist, língresis- og vingulvist og starmóavist.²

Algengar fuglategundir fyrir þessar tegundir vistgerða eru lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*), heiðlöa (*Pluvialis apricaria*) og stelkur (*Tringa totanus*).

2.3. Menningarminjar

Engar menningjarminjar finnast innan náttúrvættisins samkvæmt [vefsjá](#) Minjastofnunar Íslands en skammt frá er Hildishaugur, haugur Hildis Eysteinssonar. Í Landnámu segir að Ketill ffílksi hafi búið á Kirkjubæ en Ketill var kristinn. Áður höfðu Papar setið að Kirkjubæ og voru þau álög á staðnum að ekki máttu þar heiðnir menn búa. Hildir Eysteinsson, hinn heiðni, lagði ekki trú á þessi álög og vildi færa bú sitt að Kirkjubæ en þegar hann kom að túngarðinum féll hann dauður niður.

Lengi var talið að klaustur hafi staðið á Kirkjugólfí en síðar kom í ljós að klaustrið stóð nokkuð suðvestar en Kirkjugólfíð. Upp úr 1940 var grafið frá stuðlum á hluta svæðisins til að ganga úr skugga um að gólfíð væri ekki manngert. Grafið var niður á 3-4 metra dýpi og þótti sannað að gólfíð væri ekki manngert þar sem ekki sá fyrir endann á stuðlunum þrátt fyrir að komið væri niður í grunnvatn.³

2.4. Landnotkun

Náttúrvættið nær yfir lítið svæði og er einungis nýtt fyrir gesti Kirkjugólfss.

2.4.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Ekki hefur verið mikil ásókn í kvikmyndatöku og ljósmyndun á svæðinu fyrir utan myndatökur ferðamanna.

2.4.2. Ferðaþjónusta og útvist

Tölverður fjöldi gesta heimsækir Kirkjugólf allan ársins hring en tölur um gestafjölda liggja ekki fyrir.

¹ Lárus Siggeirsson (tölvupóstur 24. okt. 2021)

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ Lárus Siggeirsson (tölvupóstur 24. okt. 2021)

2.5. Innviðir og mannvirki

Innviðir svæðisins eru bílastæði, göngustígur og skilti og er svæðið á landsvæði sem er afgirt.

2.5.1. Landvarsла

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hefur umsjón með náttúrvættinu og síðastliðin ár hefur landvörður farið í eftirlit 4-5 sinnum í viku yfir sumartímann og reglulega yfir vetrartímann. Árið 2019 var fyrsta árið sem landvarsла var í Skaftárhreppi allt árið um kring.

2.5.2. Vegir og bílastæði

Geirlandsvegur, vegur nr. 203, liggur upp frá hringveginum og fram hjá Kirkjugólf. Við Geirlandsveg er lítið bílastæði sem þjónar náttúrvættinu.

2.5.3. Stígar

Göngustígur er frá bílastæði við Geirlandsveg og var lokið við að lagfæra hann árið 2021. Fólk nýtir einnig aðrar gönguleiðir að Kirkjugólfinu s.s. frá þorpinu, tjaldsvæðinu og Skaftárskála en Umhverfisstofnun hefur ekki tekið að sér skipulagningu annarra gönguleiða en að bílastæðinu við Geirlandsveg. Á svæðinu eru ekki skilgreindar reiðleiðir eða hjólaleiðir.

2.5.4. Fræðsla og skilti

Við svæðið eru tvö skilti sem sett voru upp af Umhverfisstofnun. Fræðslu- og upplýsingaskilti var sett upp sumarið 2013 og skilti með upplýsingum um bann við næturgingingu er við bílastæðið. Katla jarðvangu hefur einnig sett upp tvö fræðsluskilti á svæðinu, annað við Kirkjugólf og hitt við klett sem er við leiðina að gólfinu.

2.6. Öryggismál

Ekki er til öryggisáætlun fyrir svæðið.



3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Kirkjugólfss og viðhalda verndargildi svæðisins ásamt því að tryggja jákvæða upplifun gesta. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, móta framtíðarstefnu fyrir svæðið og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1. Stjórnsýsla og ástandsmat

Auglýsing um friðlýsing Kirkjugólfss er komin til ára sinna og er stefnt að því að hún verði endurskoðuð í heild sinni með það að markmiði að draga fram verndargildi svæðisins, skýra tilgang og markmið friðlýsingar, reglur sem gilda innan svæðisins og mörk þess.

Umhverfisstofnun mun vinna ástandsmat fyrir náttúrvættið árlega.

Aðgerðir:

- ✓ Auglýsing um friðlýsing Kirkjugólfss verði endurskoðuð.
- ✓ Aðgerðaáætlun fyrir Kirkjugólf verði endurskoðuð árlega.
- ✓ Ástandsmat fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir gert árlega.

3.2. Náttúruminjar

Til að vernda náttúrvættið Kirkjugólf og umhverfi skal þess gætt að framkvæmdir og ágangur rýri ekki gildi svæðisins og ásýnd þess.

3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Mikilvægt er að vernda þær jarðminjar sem mynda Kirkjugólfíð og þess gætt að gróður rýri ekki verndargildi þeirra. Stefnt skal að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar s.s. viðhaldi göngustíga og merkingum. Ef bregðast þarf við jarðvegsrofi verður það gert í samráði við landeigendur og Landgræðsluna. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu. Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum, sbr. auglýsingum um náttúrvættið, sjá [viðauki1](#).

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi svæðisins og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Fylgst verði með ágengum, framandi tegundum og þær fjarlægðar svo sem unnt er.
- ✓ Gróður sem rýrt getur verndargildi jarðminjanna verði fjarlægður af og frá Kirkjugólfinu, þannig að stuðlarnir njóti sín.

3.3. Landnotkun

Öll landnotkun innan náttúrvættisins skal vera í samræmi við markmið um verndun Kirkjugólfss, deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi.

3.3.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki raska gróðri, dýralífi eða upplifun gesta. Kvikmyndagerð og ljósmyndun sem getur haft áhrif á þessa þætti er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. reglu númer [1 í kafla 4](#). Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar sem afgreiðir leyfið í samráði við fulltrúa landeigenda.

3.3.2. Ferðaþjónusta og útivist

Stefnt er að því að gestir geti áfram notið Kirkjugólfss án þess að það hafi neikvæð áhrif á svæðið og verndargildi þess. Næturgisting er óheimil innan hins friðlýsta svæðis sbr. reglu nr. [2 í kafla 4](#).

3.4. Innviðir og mannvirki

Innviðum á svæðinu skal vera vel við haldið og skulu þeir hæfa náttúrvættinu, þá einkum með tilliti til fjölda gesta. Framtíðar uppbygging skal vera í þágu verndunar náttúrvættisins. Samræmi skal vera í últli og hönnun innviða og þeir falla vel að umhverfinu. Haft verður samráð við minjavörð Suðurlands vegna framkvæmda við náttúrvættið. Ekki er stefnt á frekari uppbyggingu á innviðum en sem kemur fram í [aðalskipulagi](#) Skaftárhrepps 2010-2022.

3.4.1. Landvarsla

Umhverfisstofnun stefnir að því að landvörður heimsæki náttúrvættið reglulega árið um kring.

3.4.2. Vegir og bílastæði

Vegir og bílastæði við náttúrvættið liggja utan við friðlýsta svæðið. Samkvæmt aðalskipulagi Skaftárrepps 2010-2020 er ekki stefnt á breytingar á vegum og bílastæði við það.

3.4.3. Stígar og gönguleiðir

Með ástandsmati mun Umhverfisstofnun fylgjast reglulega með ástandi göngustígs frá bílastæði við Geirlandsveg að náttúrvættinu.

Aðgerðir:

- ✓ Göngustígur lagfærður eftir þörfum.
- ✓ Svæðið verði gert aðgengilegt fyrir fólk með fötlun.

3.4.4. Fræðsla og skilti

Fræðslu- og upplýsingaskilti við Kirkjugólf eru nýleg og í nokkuð góðu ásigkomulag. Ekki er talin þörf á frekari skiltum að svo stöddu. Sjá [viðauka IV](#).

Aðgerðir:

- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um Kirkjugólf á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Merkingar á skilti verði lagfærðar.

3.4.5. Úrgangur

Ekki er gert ráð fyrir því að tekið verði við úrgangi innan náttúrvættisins.

3.5. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál á Kirkjugólf. Leggja skal áherslu á að gestir virði merkingar og fylgi göngustígum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Kirkjugólf og hún verði uppfærð eftir þörfum.

3.6. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframta á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallaþjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu

Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Látrabjarg en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á [heimasíðu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir sjá um umsjón svæðisins og vinna ástandsmat.

Verkefnið *Vöktun náttúruverndarsvæða* var sett á laggirnar af frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2019 og er Umhverfisstofnun ein þeirra stofnana sem tekur þátt í því. Meginmarkmið verkefnisins er að setja á laggirnar heildstæða vöktunaráætlun á landsvísu til vöktunar náttúruminja á náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna. Áhersla verður lögð á að vakta áhrif mannsins á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar. Fyrstu verkefnin fóru af stað árið 2020 en ekki hefur verið unnið við Kirkjugólfíð hingað til.

4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í náttúrvættinu Kirkjugólfí sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Kvikmyndataka og ljósmyndun skulu ekki raska jarðminjum, gróðri, dýralíf eða upplifun gesta innan hins friðlýsta svæðis, sbr. [kafla 3.3.1.](#) Kvikmyndagerð og ljósmyndun sem getur haft áhrif á þessa þætti er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samráði við fulltrúa landeigenda.
2. Ekki er heimilt að hafa næturgistingu innan hins friðlýsta svæðis sbr. [kafla 3.3.2.](#)

Heimildaskrá

http://www.klaustur.is/Ferdathjonusta/Islenska/Ahugaverdir_stadir/Kirkjugolf

http://www.klaustur.is/files/SA10J_Lysing.pdf

<http://www.landmotun.is/archives/1126>

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/kortasjar>

<http://www.visitklaustur.is/is/skoda-og-sja/natturu-undur/kirkjugolf-3>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019). Sótt af vef <https://vistgerdakort.ni.is/>

Viðauki I

Stj. tíð. B, nr. 426/1987.

Auglýsing um friðlýsingu Kirkjugólfss á Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúrvætti Kirkjugólf á Kirkjubæjarklaustri, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk náttúrvættisins miðast við 10 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Jaðarsvæði miðast við 50 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Um náttúrvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólk er heimil fór um svæðið eftir merktri gönguleið að náttúrvættinu.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er bönnuð nema á túnum.
3. Hefðbundin nýting túna er heimil.
4. Öll mannvirkjagerð, efništaka og röskun á jarðmyndunum er bönnuð.
5. Óheimilt er að tjalda innan marka náttúrvættisins.

Á jaðarsvæði er öll mannvirkjagerð og breyting á landnotkun óheimil, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlagu.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu pessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.


Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Pórarinnsson.

Viðauki II

Kort með auglýsingu




Kort, ný útgáfa



 http://www.usf.is	Kirkjugólf	 Kirkjugólf náttúruvætti  Kirkjugólf jáðarsvæð	Flatarmál: Kirkjugólf f 1.122 m ² jáðarsvæði 9.035 m ² Kortárvöpun: Lambert kelliárvöpun Hnattstæða: ISRN93 Kortargerð: Guðni Hannesson UMI Dags: 06.05.2019 Sík Landmælingar Íslands
---	------------	---	--

Viðauki III



Viðauki IV

VELKOMIN AÐ KIRKJUGÓLF

Welcome to Kirkjugólf natural monument



FRIÐLÝST NÁTTÚRUVÆTTI

Kirkjugólf er friðlýst náttúrurummiðin sem varðar með lögum um 1987. Þessi er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans. Það er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans.

NÁTTÚRUMUNDAR

Kirkjugólf er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans. Það er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans. Það er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans.

MENNINGSÁRHEÐI

Breyðingar eru ófyrst ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans. Það er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans.

NATURAL MONUMENT

Kirkjugólf er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans. Það er ófyrsti ófjárhálfanum óferðar til ófjárhálfans.

NATURAL FEATURES

Kirkjugólf (The Church Floor) is an unbroken and shaped column of basalt stones, about 100 m long, 10 m wide and 10 cm thick. The basalt columns have irregular, angular, rounded and many times pointy forms in series of arches. The columns' surface is plain, perpendicular to the ceiling surface and very smooth. They have thin and often horizontal protrusions, but stand out from the ceiling surface. Other small stones and rocklets in its middle form irregular and flat base stones. Between them and the ceiling between the ceiling and lower layers, the paving stones differ from each other in size, shape and thickness. The paving stones are laid in a zig-zag line and by the technique called 'dry-laying'. Some stones sit on the floor and others stand on a stone or a stone and a stone, which are called 'dry-in' or 'dry-out'.

CULTURAL FEATURES

The natural monument refers to those areas, at some points a hundred of meters long, and their surroundings, which contain parts of old buildings and their remnants from before the earthworks. In historical terms and, however, the remains of a church or any other building, or building parts, have been removed or destroyed, the remains of the building have been reconstructed using stone blocks. Their presence and appearance of the remains have made people attach the legend to certain parts of the building. These legends have been passed down through generations and are repeated by visitors and tourists. There are also legends about the building's history and the reason why it was built. The legend says that the building was built on the remains of buried bones of animals.

ALLUR Á ÞÍSÍÐANNA ÞAÐINN
ALL MOTTEINNOKLAÐI ÞÍSÍÐANNA ÞAÐINN
ALL EFTIRSKALLI ÓÐER ÞÍSÍÐANNA ÞAÐINN
ALLAR VIRRUMANA ÓÐER ÞÍSÍÐANNA
GLAMMARI ÓÐER ÞÍSÍÐANNA
ÞÍSÍÐANNA ÓÐER ÞÍSÍÐANNA

ALLAR VIRRUMANA ÓÐER ÞÍSÍÐANNA
ALL MOTTEINNOKLAÐI ÞÍSÍÐANNA ÞAÐINN
ALL EFTIRSKALLI ÓÐER ÞÍSÍÐANNA ÞAÐINN
ALLAR VIRRUMANA ÓÐER ÞÍSÍÐANNA
GLAMMARI ÓÐER ÞÍSÍÐANNA
ÞÍSÍÐANNA ÓÐER ÞÍSÍÐANNA

VISAT

Viðauki V

Listi yfir samráðsaðila:

- Eldvötn-samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélag Skaftárhrepps
- Ferðamálastofa
- Félag leiðsögumanna
- Fuglavernd
- Katla GeoPark
- Landvernd
- Markaðsstofa Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Náttúruverndarsamtök Suðurlands
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Skaftárskáli á Kirkjubæjarklaustri
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Útvist
- Vegagerðin

Júní 2022

Fyrir hönd Umhverfisstofnunar:


Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir
sérfræðingur


Guðlaugur Þór Þórðarson
umhyverfis-, orku- og loftslagsráðherra